

Vigdís - kona verður forseti

Bókarhöfundur: Páll Valsson

Bókarheiti: Vigdís - kona verður forseti

Gagnrýnandi: Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt í alþjóðasamskiptum

Útgáfa: JPV, Reykjavík 2009, 472 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: "[Vigdís] hafði löngu fyrir forsetaframboð sitt valið sér það hlutskipti í lífinu að þjóna landi sínu og þjóð, og sýna menningu hennar og sögu alla þá virðingu sem hún greinilega ber í brjósti. Það skipti eflaust líka miklu að hún hafði sem fyrirmyndir sterkar konur, sem höfðu séð meira af heiminum en flestir Íslendingar höfðu á fyrri hluta síðustu aldar. Bók Páls Valssonar um Vigdísí Finnbogadóttur ætti að vera skyldulesning fyrir alla þá sem vilja öðlast skilning á íslensku samfélagi í dag. Fyrir utan að gefa góða mynd af þessari glæsilegu konu er hún merkileg heimild um íslenskt (og kannski einna helst reykvískt) samfélag á síðustu öld. Þetta er bók sem óhætt er að mæla með."

AÐ ÍSLAND HAFI EITTHVAÐ FYRIR MIG AÐ GERA

Vigdísar Finnbogadóttir varð ekki sameiningartákn um leið og hún var kjörin forseti, en þrettán árum eftir að hún lét af embætti nefna hana flestir sem slíka. Bakgrunnur þessarar konu sem breytti landslagi íslensks samfélags fyrir tæpum þrjátíu árum er þó flestum lítt kunnur. Ég held ég mæli fyrir munn flestra kvenna af minni kynslóð þegar ég segi að Vigdís sé sennilega sú kona, fyrir utan þær sem standa manni næst, sem mest hefur mótað líf okkar og sjálfsmynd. Undirtitill ævisögu hennar, sem Páll Valsson ritar listavel, „Kona verður forseti“, er mjög viðeigandi, því þessi þrjú orð gerðu það að verkum að stelpur um land allt – og víða um heim – gátu mátað sig við hlutverk sem fram að því hafði verið þeim flestum framaði. Vigdís tilkynnti að hún myndi láta af störfum sem leikhússtjóri í lðnó rétt um fimmtugt, og vissi þá ekki hvað biði hennar. Aðspurð sagðist hún vænta þess að Ísland hefði eitthvað fyrir sig að gera (bls. 277).

Vigdís segist ekki hafa meint neitt sérstakt með þessum orðum, en við lestur bókarinnar vaknar sú tilfinning að það hafi ekki verið nein tilviljun að hún varð forseti. Metnaður hennar til að standa undir væntingum og gera foreldra sína stolta leiðir einhvern veginn beint til þeirrar þjónustu sem hún veitti föðurlandi sínu og móðurmáli. Sem lítil stelpa í sveit í síðari heimsstyrjöldinni lagði hún sig fram við að skrifa afa sínum bréf um framþróun í landbúnaði. Sem ung kona kynnti hún Ísland á frönsku og þýsku fyrir Evrópuþjóðum skömmu eftir stríð. Sem fullproskuð manneskja mótaði hún ferðaþjónustu á Íslandi þegar erlendir ferðamenn fóru að leggja leið sína til landsins. Frumkvæði hennar til að veita almenningi aðgang að því nýjasta í erlendum menningarstraumum, í gegnum störfin hjá Þjóðleikhúsinu og lðnó, sýna vilja hennar til að gera íslensku þjóðina að virkari þátttakendum í samfélagi þjóða. Hún hafði löngu fyrir forsetaframboð sitt valið sér það hlutskipti í lífinu að þjóna landi sínu og þjóð, og sýna menningu hennar og sögu alla þá virðingu sem hún greinilega ber í brjósti. Það skipti eflaust líka miklu að hún hafði sem fyrirmyndir sterkar konur, sem höfðu séð meira af heiminum en flestir Íslendingar höfðu á fyrri hluta síðustu aldar.

Kona í karlaheimi

Sigurbjörn Einarsson biskup sagði, daginn sem Vigdís sór embættiseið fyrsta sinni, að skilaboð þjóðarinnar til hennar væru: „Fara vil ég með þér“ (bls. 10). Hann benti á að forsetinn skyldi hvorki gjalda þess né njóta að vera kona. En það var engu síður nýnæmi að kona gegndi slíku ábyrgðarstarfi. Enn í dag stínga konur í stúf á myndum af hópi þjóðarleiðtoga. Þær eru fáar og oftast klæddar í bjartari líti en karlarnir. Þetta var enn meira áberandi þegar Vigdís náði kjöri. Hún var sér meðvituð um þetta og klæddist ljósum fötum, reyndi að færa kvenlæga mýkt inn í formfastan, karllægan heim. Hún rak sig á ýmsa múra, það voru ekki til reglur um hvernig ætti að fara með konur í þessu hlutverki. Hún endaði meira að segja á því að hanna sjálf kjólinn sem hún var í við embættistökuna, með aðstoð góðra kvenna úr leikhúsheiminum. Það er líka áhugavert fyrir femínista á 21. öld að sjá hvernig Vigdís vannur með jafnrétti kynjanna. Hún vildi ekki skilgreina sig sem kvenréttindakonu á unga aldri, líklega til að aðgreina sig frá móður sinni (bls 443). Hún virðist alla tíð hafa talið sig fullkominn jafningja strákanna í kringum sig og Frakklandsförin var að vissu leyti tilraun til að brjóta undan oki kynferðis síns (bls. 105). Þar finnur hún femíníska þversögn í kaþólskri trú, María guðsmóðir er dýrkuð og upphafin, en konum markvisst haldið niðri (bls. 157). Þannig má sjá í bókinni sterkari kvenréttindasinna en kom fram í framboði hennar. Þessar áherslur hafa kannski orðið sterkari eftir að hún fór úr embætti. Þó má ekki draga úr því að framboð hennar og árangur annars vegar og uppgangur kvennapólitíkur á Íslandi

hins vegar kallast mikið á og nýtist hvort öðru. Eitt markmiða framboðsins var að vekja umræðu um kynjajafnrétti og þjóðin virðist hafa notið þeirrar athygli sem hún fékk fyrir að kjósa konu. Margir töldu það endurspegla víðsýni þjóðarinnar og góða stöðu í jafnréttismálum, þótt Rauðsokkuhreyfingin hafi varað við þeirri ályktun (bls. 325). Það segir sína söguna að 1. febrúar 2009, 29 árum upp á dag eftir að Vigdís tilkynnti um framboð sitt, tók í fyrsta skipti ríkisstjórn við völdum þar sem voru jafnmargar konur og karlar.

Brú milli fortíðar og framtíðar

Vigdís átti stóran þátt í því að koma á fót Nordatlantens brygge í Kaupmannahöfn, brú milli smáþjóðanna þriggja í Norður-Atlantshafi og Danmerkur. Þótt við þýðum gjarnan orðið brygge sem bryggja, þá þýðir það brú. Vigdís hefur í gegnum líf sitt byggt brýr milli fortíðar og framtíðar – án þess að missa tengslin við nútímann. Hugðarefni hennar – menning, tunga, land og umhverfi – eru kjarninn í því sem þarf að huga að eigi að lifa hér þjóð sem getur verið sjálfstæð og samt þátttakandi í alþjóðasamfélaginu. Vigdís mætti töluverðu mótlæti á unga aldri. Henni hefur þó oftast tekist að læra og styrkjast af mótlætinu. Í staðinn fyrir að taka neitunum sem endanlegum svörum það hún um rökstuðning og gekk á eftir svörum. Eftirlætisbörn, eins og hún, skrifar hún foreldrum sínum frá Frakklandi, þurfa að reka sig á til að læra (bls. 120). Íslenska þjóðin ætti kannski að taka sig á eins og Vigdís gerði.

Bók Páls Valssonar um Vigdísí Finnbogadóttur ætti að vera skyldulesning fyrir alla þá sem vilja öðlast skilning á íslensku samfélagi í dag. Fyrir utan að gefa góða mynd af þessari glæsilegu konu er hún merkileg heimild um íslenskt (og kannski einna helst reykvískt) samfélag á síðustu öld. Á tímum sem þessum, þar sem mörgum þykir erfitt að sýna þjóðarstolt, minnir Vigdís okkur á það sem gott er við menningu okkar. Myndin sem birtist hér af Vigdísí er ekki af neinum engli. Hún tekst á við skap sitt, fullkomnunaráráttu, óöryggi og á stundum ómannlegar kröfur sem hún og aðrir gera til hennar. En barátta Vigdísar við valdakerfi samfélagsins og væntingar til kvenna endurspegla um margt þá baráttu sem margar konur standa í enn þann dag í dag, og á því fullt erindi við nútímasamfélag. Páll Valsson hefur gert lífshlaupi Vigdísar góð skil. Lesandinn öðlast skilning á bakgrunni hennar og þeim aðstæðum sem mótuðu hana. Bókin er vel skrifuð og allur frágangur handrits til fyrirmyndar. Þetta er bók sem óhætt er að mæla með.